

Vöruflutningar - vöruafhending, tillaga að leiðbeiningum. VSÓ  
ráðgjöf, maí 2019.

Hér líta dagsins ljós tillögur að leiðbeiningum varðandi vöruflutninga með áherslu á vöruaðkomu. Við gerð þeirra er leitað í erlendar heimildir og einkum er stuðst við gögn frá dönsku og norsku Vegagerðinni. Fjallað er um helstu þætti er varða vöruflutninga og vöruafhendingu og reynslu tengda því auk helstu áskorana sem starfsfólk flutningafyrirtækja upplifa í því sambandi.

Í leiðbeiningunum er skoðað á hvaða stigum skipulagsferlis þurfi að huga að vöruafhendingu og hverjir séu helstu hagsmunaaðilar hverju sinni, sem hafa þarf samráð við. Bent er á að vöruflutningar vilji gjarnan gleymast á skipulagsstiginu og þá geta komið upp vandamál eftir að mannvirki hafa verið byggð. Farið er yfir mismunandi aðstæður vegna vöruflutninga og vöruafhendingar í þéttbýli og dreifbýli og settir fram gátlistar um atrið sem athuga þarf fyrir þessar mismunandi aðstæður.

Þá eru sett fram æskileg viðmið og dæmi um útfærslur, fyrir hönnun gatna og vöruafhendingarsvæða s.s. breidd, lengd og ríðusa. Fjallað er um hvað ber sérstaklega að forðast við hönnun þessara svæða og útfærslu þeirra með tilliti til óvarinna vegfarenda.

Auk þess að vera leiðbeiningar vegna hönnunar á nýjum svæðum er einnig gert ráð fyrir að hægt sé að nýta leiðbeiningarnar til að meta hvort aðstaða til vöruafhendingar sem þegar er fyrir hendi, þarfnist endurbóta.

Þessar tillögur að leiðbeiningum voru ritaðar í samvinnu við Vegagerðina og Reykjavíkurborg.